

Nr. 034 / 14 Laxi RE 66**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6299
 Smíðaður: Hafnarfirði 1981 plast
 Stærð: 4,2 brl. 3,6 bt.
 Mesta lengd: 6,93 m Skráð lengd: 6,83 m
 Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,32 m
 Vél: Volvo Penta 119 KW,
 Fjöldi skipverja: 1



Laxi ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:


Þann 25. apríl 2014 var Laxi RE 66 á siglingu frá Reykjavík til Ólafsvíkur. Veður: Logn.

Þegar komið var skammt undan Rifi heyrði skipstjóri mikinn hávaða koma frá vélarúmi og hann sá að vélarúmslokið lyftist og smurólía sprautaðist upp. Hann stöðvaði þegar vélina og í ljós kom að reimskífuhjól á sveifarás hafði losnað og kastast upp í lokið áður en það lenti í smursíunni, braut hana af svo olían sprautaðist út af vélinni.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og björgunarbáturinn Sæbjörg II dró Laxa til Ólafsvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að reimskífuhjól og dempari (*Vibration damper*) á sveifarásnum losnaði og olli töluverðum skemmdum í vélarúminu;
- að vélin var ný upptekin og að sögn skipstjóra höfðu greinilega mistök átt sér stað við festingu reimskífuhjólsins því það hafði aðeins einn bolti af fjórum verið vel festur á



því. Hann hefði verið boginn og slitinn en hinir þrír legið heilir í kjalsoginu;

- að fram kom hjá eiganda bátsins að viðurkenndur viðgerðaraðili hefði séð um upptektina á vélinni.

Nefndarálit:

Orsök atviksins virðist vera handvömm við frágang við vélarupptekt.